



A 1686/præsídiet

Flytjandi:
Flokkahópi hægrimanna

Afgreiðsla:
Forsætisnefnd

Málsnúmer: 16-00256-2

Þingmannatillaga um mat á öllum norrænum verkefnum sem er lokið

Tillaga

Flokkahópur hægrimanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlandanna

að í hvert skipti er verkefni lýkur verði framkvæmt ítarlegt mat á verkefninu og niðurstöðum þess;

að reglubundið eftirlit verði bætt. Bæði með því hvort fjárhagsáætlun sé fylgt og hvort markmið verkefnisins hafi náðst;

að fé skattborgaranna verði notað á skynsamlegan hátt og að norrænt notagildi skuli vera leiðarljós allra nýrra norrænna verkefna.

Aðdragandi

Samkvæmt beiðni eftirlitsnefndarinnar tók COWI saman skýrslu árið 2014 um framkvæmd og áhrif valinna verkefna. Í skýrslunni kom fram að um flest verkefni á við að ekki var gert lokamat á því hvort verkefnið hefði náð markmiðum sínum. Í 13 af 23 verkefnum sem COWI skoðaði lá ekki fyrir stöðuskýrsla/lokamat.

COWI benti á að mest sé lagt í upphaf verkefnis, en minni áhersla lögð á almennt verkefnaeftirlit og lokaniðurstöður. Að mati flokkahóps hægrimanna í Norðurlandaráði er þetta alvarlegt vandamál.

Upphæðin sem í dag er varið til verkefna nemur meira en helmingi heildarfjárhagsramma Norrænu ráðherranefndarinnar. Miklu fé er veitt til verkefna og því eiga skattborgarar rétt á að verkefni og niðurstöður þeirra nýtist sem allra best.

Kaupmannahöfn, 7. október 2016

Bengt Morten Wenstøb (H)
Bente Stein Mathisen (H)
Brynjar Níelsson (Sj)
Elín Hirst (Sj)
Hans Wallmark (M)
Heidi Nordby Lunde (H)
Juhana Vartiainen (Saml)
Lars-Arne Staxäng (M)
Lena Asplund (M)

Michael Tetzschner (H)
Norunn Tveiten Benestad (H)
Pia Hallström (M)
Rasmus Jarlov (KF)
Susanna Koski (Saml)
Sylvi Graham (H)
Thomas Finnborg (M)
Wille Rydman (Saml)

Norðurlandaráð

A 1686/præsídiet

Flytjandi:
Flokkahópi hægrimanna

Afgreiðsla:
Forsætisnefnd

Málsnúmer: 16-00256-2